



Eyðublað fyrir innra matsteymi og ytra mats aðila

Innra mat-Gæðaviðmið-Leikskóli-Naustatjörn

Byggt á:

Viðmið-úr [“VIÐMIÐ OG VÍSBENDINGAR fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs ” frá 2014.](#)

[Menntastefnu Akureyrarbæjar](#) og [aðgerðaráætlun](#) með menntastefnu.

1. Skipulag og viðfangsefni

Innra mat leikskólans er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Fyrir liggur áætlun um innra mat sem endurspeglar að helstu þættir í leikskólastarfinu eru metnir reglulega. Innra mat er notað til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum leikskólans hefur verið náð. Með innra mati eru einnig metnar leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Grunnþættir í menntun, markmið og áhersluþættir leikskólalaga og menntastefna Akureyrarbæjar endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og birtast þannig í innra mati leikskólans. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að og þau eru birt í skólanámskrá. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Viðmið og vísbendingar	Innra mat				Þessi reitur er útfylltur af innra matsteymi skóla. Rökstuðningur, skýring, hlekkur eða fylgiskjöl.	Mat matsaðila			
	A	B	C	D		A	B	C	D
1.1. Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt.					Hér er skólanámskrá í starfsáætlun 2019-2020 bls. 3 er fjallað um mat á skólastarfi Starfsmannahópurinn tók þá ákvörðun við gerð skólanámskrár að hafa skólanámskrá stutta og hnitmiðaða en horfa til Aðalnámskrár leikskóla varðandi ýmsa þætti, þ.m.t. Innra mat. Fjallað er um innra mat í starfsáætlun skólans sem á vef. Ársskýrsla 2019 - 2020 verður sett á heimasíðu en þar er áætlun um innra mat frá 2020 - 2024. Myndræn veggspjöld með námssviðum leikskóla verða sett á vef. Gæðaráð mun færa þessi gögn inn í skólanámskrá.				
1.2. Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.					Er í ársskýslu sem er á vef http://naustatjorn.karellen.is/Skolastarfid/Arsskyrsla-skolans				

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

B, C og D fer í umbótaferli.

90% A - Markmiði Akureyrarbæjar náð - Framúrskarandi skóli

(Kvarði: Viðmið um gæðastarf í leikskólum Rvk. 2014)



Eyðublað fyrir innra matsteymi og ytra mats aðila

					Gæðaráð mun færa þessi gögn inn í skólanámskrá. Langtíma- og ársáætlun hér á heimasíðu .				
1.3. Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir.	A	B	C	D	Já er hluti af 4 ára áætlun Er í ársskýrslu á vef. Gæðaráð mun færa þessi gögn inn í skólanámskrá. Langtíma- og ársáætlun hér á heimasíðu	A	B	C	D
1.4. Mat á starfsháttum fer fram reglulega.	A	B	C	D	Skipulagsdagar, starfsmannafundur, stjórnarfundir, deildarfundir, Jákvæður agi-teymisfundir, starfsmannaviðtöl? FISKIS	A	B	C	D
1.5. Mat og ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra.	A	B	C	D	Vikulegir undirbúningstímar notaðir til að rýna í eigin starfshætti, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Mætti gera þetta mat sýnilegra með gögnum. Hver starfsmaður gerir barnaloftvog 1x á önn. Stjórnendur geta bætt skráningar varðandi að fylgja eftir að barnaloftvog sé unnin. Gæðaráð ákveður að útbúa gátlista fyrir starfsfólk sem styður við þeirra mat og ígrundun.	A	B	C	D
1.6. Í skólanámskrá er fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin.	A	B	C	D	Í aðalnámskrá bls. 25-28 er fjallað um mat á skólstarfi Fjallað um mat á skólstarfi í starfsáætlun 2019-2020 (vantar nýja). Gæðaráð sér að þennan þátt þarf að vinna frá grunni.	A	B	C	D
1.7. Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.	A	B	C	D	Öll markmið mælanleg, en enn og aftur er það skráð í ársskýrslu en ekki í skólanámskrá. Gæðaráð mun færa þessi gögn inn í skólanámskrá.	A	B	C	D
1.8. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra mati.	A	B	C	D	Markmið, námsleiðir og kennsluskipulag er inn í skólanámskrá. Hins vegar er áætlun um innra mat í ársskýrslu. Gæðaráð mun færa þessi gögn inn í skólanámskrá.	A	B	C	D
1.9. Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	A	B	C	D	Aftur vísað í ársskýrslu. Gæðaráð mun færa þessi gögn inn í skólanámskrá	A	B	C	D

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

B, C og D fer í umbótaferli.

90% A - Markmiðið Akureyrarbæjar náð - Framúrskarandi skóli

(Kvarði: Viðmið um gæðastarf í leikskólum Rvk. 2014)



Eyðublað fyrir innra matsteymi og ytra mats aðila

l.10.	Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.	A	B	C	D	Þetta verður gert á næsta ári þegar eitt ár er búið með nýju fyrirkomulagi á ársskýrslu	A	B	C	D
l.11.	Mat á uppeldisstarfi fer fram skipulega og reglulega.	A	B	C	D	Deildarfundir eru nýttir til að meta starf deildar yfir vetrartímann, mögulega þarf að bæta skráningar á matinu. Í september árlega senda deildarstjórar mat á síðasta starfsári til skólastjórnenda og byggja svo kennsluáætlun næsta árs á matinu.	A	B	C	D
l.12.	Mat á framförum nemenda er stöðugt umfjöllunarefni í starfi með börnum.	A	B	C	D	2 x á ári eru fylltar út þroskalýsingar fyrir öll börn sem kynnt eru foreldrum. Ef áhyggjur vakna um stöðu ákveðinna barna er farið í frekari athuganir með ákveðnum gátlistum. Sérkennsluteymi metur reglulega stöðu ákveðinna barna skriflega. Öll börn á elsta ári fara í gegnum Hjóm. Meðal mælitækja eru Hjóm, AEPS, Tras, Íslenski máhljóðamælirinn, ALL listinn,, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, ASEBA, SDQ, mótþróalisti, ADHA listinn, listi matslisti vegna félagsfærni, myndbandsskráningar og skráningar kennara. Ástæður hegðunar (Jákvæður agi).	A	B	C	D
l.13.	Þau verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við eru metin kerfisbundið og eru hluti af innra mati skólans.	A	B	C	D	Allir starfsmenn fylla út gátlista um Jákvæðan aga í maí ár hvert. Umhverfisnefnd fyllir út mat á starfi með náttúru og umhverfi og skilar inn skýrslu til Landverndar sem tekur út starfs skólans á tveggja ára fresti. Mat og skráningar á leik barna eru gerð en ekki kerfisbundið og þar mun Gæðaráð útbúa gátlista. Aukinn undirbúningstími kennara mun auka	A	B	C	D
l.14.	A) Lífsspeki fisksins B) Sjálfsmat kennara C) Nefndir innan skólans	A	B	C	D	A) Í maí á hverju ári fylla kennarar út matsblöð, Könnun í anda fisks og svo sjálfsmat. Stjórnendur vinna úr könnun í anda fisks og gerð er útbótaáætlun ef ákveðnir þættir skora undir ákveðinni tölu. B) Sjálfsmat er eingöngu fyrir hvern og einn og lagt er upp með að kennarar setji sér persónuleg markmið fyrir næsta skólaár. C) Nefndir bera ábyrgð á ákveðnum þáttum, s.s. Öryggisráð og Læsinefnd. Hver nefnd metur stöðu mála í sínum flokki og leiðir úrbótavinnu ef þörf er á.	A	B	C	D

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

B, C og D fer í umbótaferli.

90% A - Markmiðið Akureyrarbæjar náð - Framúrskarandi skóli

(Kvarði: Viðmið um gæðastarf í leikskólum Rvk. 2014)



Eyðublað fyrir innra matsteymi og ytra mats aðila

Umsögn matsaðila, rökstuðningur og heildarmat á matsþættinum "Skipulag og viðfangsefni,,	A	B	C	D

2. Gagnaöflun og vinnubrögð									
<p>Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við öflun gagna. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu, hópnum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati. Lýðræðisleg vinnubrögð og samstarf einkenna innra mat leikskólans og umbótastarf í kjölfar þess. Stjórnendur leikskólans leiða skipulag og framkvæmd matsins í samstarfi við annað starfsfólk, börn, foreldra og foreldraráð. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra þeirra sem koma að leikskólastarfinu, eftir því sem við á.</p>									
Viðmið og vísbendingar	Innra mat				Þessi reitur er útfylltur af innra matsteymi skóla. Rökstuðningur, skýring, hlekkur eða fylgiskjöl.	Mat matsaðila			
2.1. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun.	A	B	C	D	Greining á fyrirliggjandi gögnum, t.d. Skráningar, skólanámskrá, skýrslur og kennsluáætlanir. Starfsáætlun skólans(vetrar)? Foreldrasamtöl og snerpusamtöl/starfsþróunarsamtöl. Skólapúlsinn - bæði foreldrar og starfsmenn. Gerð umbótaáætlun eftir kannanir. Umbótaáætlanir kynntar foreldraráði og starfsmannahóp. Deildarfundir og kennarafundur, stjórnarfundir. Vettvangsathuganir leikskólaráðgjafa, Jafnramt vísað í kafla 1.12, 1.13 og 1.14.	A	B	C	D
2.2. Gætt er að því að innra matið byggi á margvíslegum gögnum.	A	B	C	D	Spurningakönnunum, snerpusamtölum/starfsþróunarsamtölum, gátlistum, tölulegum upplýsingum, rýnihópum barna, foreldra og kennara, foreldrasamtöl, nefndarvinna.	A	B	C	D
2.3. Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu.	A	B	C	D	Já - reynt er að meta hvaða leið skilar upplýsandi og áreiðanlegum upplýsingum og nær til sem flestra sem að skólanum koma	A	B	C	D

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

B, C og D fer í umbótaferli.

90% A - Markmiðið Akureyrarbæjar náð - Framúrskarandi skóli

(Kvarði: Viðmið um gæðastarf í leikskólum Rvk. 2014)



Eyðublað fyrir innra matsteymi og ytra mats aðila

2.4.	Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er upplýsinga hjá.	A	B	C	D	Snerpusamtöl/ starfsþróunarsamtöl, starfsmanna- og foreldrakannanir, foreldrasamtöl, börnin: sáttmálar (JA), Barnafundur (JA), Gæðaráð leggur til að börnin verði reglulega spurð um þeirra skoðun á ákveðna þætti í starfi skólans þar sem broskarlar eru notaðir sem viðmið, niðurstöður verða skráðar og unnin útbótaáætlun eftir þetta ferli.	A	B	C	D
2.5.	Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati (s.s. kannanir og skimanir) eru þær nýttar í innra matið.	A	B	C	D	Starfsmanna-og foreldrakannanir, niðurstöður eru kynntar á fundum og fjallað um þær en vantað hefur útbótaætlun .	A	B	C	D
2.6.	Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.	A	B	C	D	Já í gegnum nýstofnað gæðaráð skólans, á deildarfundum sem og gegnum nefndir sem fara með ákveðin verkefni í skólanum,	A	B	C	D
2.7.	Foreldrar taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með aðkomu foreldraráðs.	A	B	C	D	Hefur ekki gengið eftir, höfum átt í erfiðleikum með að manna foreldraráð. Og þegar gögn hafa verið send til yfirlestrar hefur verið bras að ná svörum til baka. Hins vegar koma oft ábendingar frá foreldrum í samtölum sem nýttar eru til úrbóta.	A	B	C	D
2.8.	Framkvæmd innra mats er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum.	A	B	C	D	Gæðaráð skólans endurspeglar starfsfólk skólans í vinnu sinni. Utan þess er innra mat rætt og ígrundað á deildarfundum a.m.k. tvisvar á ári auk þess sem allt starfsfólk hefur tækifæri til að ræða og leggja sitt af mörkum á kennarafundum. Alltaf er hægt að leggja fram mál á bæði deildar-, stjórnar- og kennarafundum. Nefndir skólans sinna mati á sínu ábyrgðarsviði. Mögulega hugsar starfsfólk þó ekki um þetta mat og ígrundun sem innra mat?	A	B	C	D
2.9.	Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli (s.s. starfsfólks, barna og foreldra).	A	B	C	D	Starfsmannakönnun, foreldrakönnun, Umbætur - gera má mat hjá barnahópnum s.s. Könnun á líðan og hvaða skoðun þau hafa á ýmsum þáttum starfsins.	A	B	C	D
2.10.	Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila (starfsfólks, foreldra og barna eftir því sem við á) um þróun og umbætur.	A	B	C	D	Sjáum að þarna þarf að bæta úr, niðurstöður eru kynntar og ræddar en vantar þessa formlegu eftirfylgni m eð útbótaáætlun.	A	B	C	D

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

B, C og D fer í umbótaferli.

90% A - Markmiðið Akureyrarbæjar náð - Framúrskarandi skóli

(Kvarði: Viðmið um gæðastarf í leikskólum Rvk. 2014)



Eyðublað fyrir innra matsteymi og ytra mats aðila

2.11.	Innra mat er kerfisbundið, markmiðsbundið, samstarfsmiðað, samofið öllu skólastarfi, byggt á traustum gögnum, greinandi og umbótamiðað og opinbert.	A	B	C	D	Vantar að koma á formlegu skipulagi. Þurfum að kortleggja hvað er gert og hvernig hægt er að nýta innra mat til umbóta, hvar hægt er að bæta úr, margt er gert, en vantar þetta formlega ferli.	A	B	C	D
Umsögn matsaðila, rökstuðningur og heildarmat á matsþættinum "Gagnaöflun og vinnubrögð,,							A	B	C	D

3. Opinber birting og umbætur

Innra matið er opinbert og hagsmunaaðilar vita hvar þeir geta nálgast greinargerðir um það. Góð greinargerð um innra mat lýsir: (1) tengslum við stefnu og markmið skólanámskrár, (2) tilgangi matsins, (3) aðferðum við framkvæmd þess og þátttakendum, (4) viðmiðum, (5) helstu niðurstöðum og (6) greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í greinargerð um innra mat er gætt að trúnaði við þátttakendur með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar. Niðurstöður innra mats eru kynntar hagsmunaaðilum. Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum að höfðu samráði við foreldraráð. Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni er fylgt eftir með skipulögðum hætti. Í henni kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur er metinn. Öllum aðilum leikskólasamfélagsins finnst innra matið gagnlegt.

Viðmið og vísbendingar	Innra mat				Þessi reitur er útfylltur af innra mats teymi skóla. Rökstuðningur, skýring, hlekkur eða fylgiskjöl.	Mat matsaðila			
3.1. Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti.	A	B	C	D	Ársskýrsla 2019-2020 (starfsáætlun) þar er gerð grein fyrir áætlunum, stefnu, markmiðum og umbótum ásamt almennri starfssemi leikskólans á liðnu starfsári (þetta er í raun mat á starfsáætlun og greinargerð um innra mat í einni og sömu skýrslunni). Vorið 2021 verður gert mat á nýju formi ársskýrslu í fyrsta sinn, það mat verður sett á heimasíðu	A	B	C	D
3.2. Í greinargerð um innra mat koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður.	A	B	C	D	Mat á ársskýrslu verður unnið vorið 2021	A	B	C	D

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

B, C og D fer í umbótaferli.

90% A - Markmiðið Akureyrarbæjar náð - Framúrskarandi skóli

(Kvarði: Viðmið um gæðastarf í leikskólum Rvk. 2014)



Eyðublað fyrir innra matsteymi og ytra mats aðila

3.3.	Í greinargerð um innra mat er greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.	A	B	C	D	Sjá liði 3.1 og 3.2	A	B	C	D
3.4.	Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.	A	B	C	D	Skólastjóri fundar með foreldraráði og fer yfir niðurstöður á innra mati og könnunum. Starfsfólk skólans fær kynningu á niðurstöðum sem og fræðsluráð. Niðurstöður eru á heimasíðu skólans. Varðandi nýja ársskýslu verður gert í vor. En ýmsar kannanir s.s. Skólapúslinn, könnun í anda Fisks hefur verið kynnt innan skólans.	A	B	C	D
3.5.	Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti.	A	B	C	D	Verður framkvæmt í vor 21	A	B	C	D
3.6.	Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.	A	B	C	D	Verður framkvæmt í vor 21	A	B	C	D
3.7.	Áætlanir um umbætur eru bornar undir foreldraráð og fræðsluráð.	A	B	C	D	Áætlun er skilað ár hvert til fræðsluráðs - foreldraráð fer yfir og metur t.d. Ársskýrsluna og fær kynningu á innra mati og umbótaáætlun. Verður framkvæmt í vor	A	B	C	D
3.8.	Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.	A	B	C	D	Verður framkvæmt í vor	A	B	C	D
3.9.	Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.	A	B	C	D	Já það er ávallt brugðist við ef upp kemur að einhverju er ábótavant - stundum er hægt að laga strax og stundum fer ferli í gang t.d. könnun eða öflun upplýsinga til að mögulegt sé að gera umbótaáætlun og svo umbætur. Verður framkvæmt í vor með ársskýrslu en niðurstöður í skólapúlsinum og könnun í anda Fisks hafa leitt til úrbóta	A	B	C	D
3.10.	Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.	A	B	C	D	Til er fjögurra ára áætlun um innra mat þar sem fram koma bæði ábyrgðaraðilar og tímarammi - verður fylgt eftir í fyrsta sinn vorið 21	A	B	C	D
3.11.	Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.	A	B	C	D	Verður framkvæmt vorið 21	A	B	C	D

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

B, C og D fer í umbótaferli.

90% A - Markmiðið Akureyrarbæjar náð - Framúrskarandi skóli

(Kvarði: Viðmið um gæðastarf í leikskólum Rvk. 2014)



Eyðublað fyrir innra matsteymi og ytra mats aðila

3.12. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.	A	B	C	D	Verður framkvæmt vorið 21	A	B	C	D
3.13. Starfsfólk og foreldrar geta á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til.	A	B	C	D	Í vor er verkefnið að birta og kynna skólasamfélaginu hvað skólinn er að vinna með í innra mati sem og setja fram heildstæða umbótaáætlun eftir allt mat vetrarins. Í foreldra- og starfsmannakönnun (líka/eða í starfsþróunarsamtali) er hægt að spyrja foreldra og starfólk um þetta viðmið. Nei en vonandi síðar	A	B	C	D
3.14. Leikur, nám og kennsla eru í stöðugu umbótaferli.	A	B	C	D	Stöðugt mat fer fram á leik, námi og kennslu, s.s. Í undirbúningstímum, á deildarfundum, stjórnarfundum, kennarafundum, nefndarfundum. Mögulega má bæta verklag á fundargerðum sumra deildarfunda. Í þroskalýsingum fer fram mat á þessum þáttum hjá hverju barni a.m.k. 2x á ári.	A	B	C	D
Umsögn matsaðila, rökstuðningur og heildarmat á matsþættinum "Opinber birting og umbætur",						A	B	C	D
Umbótaáætlun til að fylla í jafnóðum									

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.

C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

B, C og D fer í umbótaferli.

90% A - Markmiðið Akureyrarbæjar náð - Framúrskarandi skóli

(Kvarði: Viðmið um gæðastarf í leikskólum Rvk. 2014)